
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2010-11
Fundartími:	Mánudagur 2. nóvember 2010 kl. 14:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins. 3) Raforkuspá 2010-2050. 4) Verkefni ársins 2011. 5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Ívar Þorsteinsson Íris Baldursdóttir Gunnar Aðalsteinsson Sigurður Ágústsson Ásgeir Sigtryggsson Pétur E. Þórðarson
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Baldur Dýrfjörð

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) JV sýndi og fór yfir tölur um raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins. Raforkuvinnslan minnkaði um 0,9% á 3ja ársfjórðungi og er langt síðan slíkt hefur gerst en samtals á fyrstu níu mánuðunum er aukningin 0,6%. Flutningstöp minnka mikið á 3ja ársfjórðungi eða um 22,4% en þau voru óeðlilega mikil árið á undan og samtals á árinu hafa þau minnkað um 9,3%. Stórnotkun jókst um 0,4% á þriðja ársfjórðungi og samtals um 1,7% það sem af er árinu. Almenn notkun minnkar um 3,5% á 3ja ársfjórðungi og samtals hefur hún minnkað um 2,6% á fyrstu níu mánuðunum. Forgangsortka minnkaði um 3,6% og ótryggð orka um 2,6% á 3ja ársfjórðungi. Meðalhiti er heldur hærri á fyrstu níu mánuðum ársins en á síðasta ári. Hitastigleiðrétting eykur því heldur notkunina og minnkunin eftir leiðréttingu fyrir forgangsortku er 1,7% en á 3. ársfjórðungi er minnkunin 2,2%. JV sagði að almenna notkunin hafi nú minnkað samfellt í 7 ársfjórðunga. Athyglisvert er að áfram halda flutningstöp að minnka. ÁS benti á Becromal, smávirkjanir og nýja Nesjavallastreng sem ástæðu minnkunar flutningstapa.

- 3) IB fór yfir uppkast að raforkuspá og sagði að búið væri að gera lagfæringar á spálíkani út frá nýrri mannfjöldaspá og athugasemdum. ÁS benti á að lítil aukning væri í iðnaði sérstaklega eftir 2030. IB benti á litla aukning þar undanfarna áratugi og að þjónusta bæri upp hagvöxt næstu áratuga. JV spurði hvort ekki ætti að fjölfalda einhver eintök af spánni. ÍP ætlar að athuga með útgáfu á spánni og var IB og JV falið að ganga frá skýrslunni.

Íris nefndi hvort ekki væri rétt að kynna spána þegar hún verður tilbúin. Stefnt er að því að vera með opinn fund um spána þegar hún kemur út og gæti sá fundir verið á tímabilinu 5-10 desember.

ÍP sagði að 150 aukin vinna við að klára spána væri samþykkt.

- 4) ÍP sagði að áætlun fyrir næsta ár væri samþykkt af Orkustofnun.
- 5) Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

-

Dreift var á fundinum:

-

Sýnt var en ekki dreift:

- Raforkuspá 2010-2050..
- Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins..

Dreift eftir fundinn:

-

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
ÍP	Fjölföldun á raforkuspá, upplag